

fógeta Hafþóri Guðmundssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið:

Að halda áfram lögtaki, er byrjað var í gær að beiðni tollstjórans í Reykjavík hjá Herði Ólafssyni, Álfheimum 56, fyrir:

Þinggjaldi nr. 12996/1958 kr. 6.389.00

Þinggjaldi nr. 12603/1955 — 14.295.00

Samtals kr. 20.684.00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

..... Gerðarþoli mætir ekki, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógeta Sigmar Valdimarsson, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarþola.

..... Var því næst skrifuð upp bifreiðin R 94 og fallið frá virðingu. Lýsti fógeti yfir lögtaki í téðri bifreið til tryggingar framangreindum sköttum, dráttarvöxtum og kostnaði öllum, að áskildum betra rétti þriðja manns.

Miðvikudaginn 6. apríl 1960.

Nr. 64/1960. **Arnljótur Ólafsson Pétursson**
 gegn
 valdstjórninni og Ólafi Jónssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. f. m., sem barst Hæstarétti 1. þ. m., hefur kærandi skotið hinum kærða úrskurði til dómsins samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, vitninu Ólafi Jónssyni dæmt skylt að nafngreina heimildarmann þann,

er í málinu getur, svo og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Hæstarétti hafa ekki borizt kröfur eða greinargerð frá fyrirsvari valdstjórnarinnar né Ólafi Jónssyni.

Vitneskju þá, sem kærandi krefst, að fulltrúi lögreglustjóra, Ólafur Jónsson, láti í té í vætti fyrir dómi, fékk fulltrúinn í starfi sínu sem trúnaðarmál í sambandi við eftirgrennslan ætlaðra brota. Eðli máls samkvæmt er hér um efni að ræða, sem leynt á að fara, enda þjóðfélagslegir hagsmunir því að baki. Samkvæmt 2. mgr. 93. gr. laga nr. 27/1951 verður fulltrúinn ekki krafinn vættis um slíkt efni, nema ráðherra leyfi. Leyfi dómsmálaráðherra liggur ekki fyrir, og ber því að svo vöxnu máli að synja þess, að nefnds vættis sé leitað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Vitnið Ólafur Jónsson verður ekki krafíð vitnisburðar um framangreint atriði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 31. marz 1960.

Ár 1960, fimmtudaginn 31. marz, var úrskurður þessi kveðinn upp í dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni.

Hinn 27. þ. m. var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður, þar sem lögreglu var heimiluð áfengisleit í leigubifreiðinni R 2501. Ökumaður bifreiðarinnar, Arnljótur Ólafsson Pétursson, Holti, Seltjarnarnesi, kærði úrskurð þenna til Hæstaréttar. Óskaði hann jafnframt eftir frekari rannsókn í sakadómi varðandi nefnt kærumál. Krafðist lögmaður kæranda, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., þess á dómþingi í gær, að vitninu Ólafi Jónssyni, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, yrði úrskurðað skylt að nafngreina bifreiðarstjóra þann á Borgarbílstöðinni, er vitnið bar í þinghaldi 27. marz s.l., að hafi gefið því í skyn, að á stöðinni væri almennt stunduð ólögleg vinsala. Vitnið kvaðst að vísu vita nafn bifreiðarstjórans, en taldi sér hvorki rétt né skylt að láta það uppskátt, þar sem slíkt samrýmdist ekki almennum hagsmunum löggæzl-

unnar, og einnig hefði vitnið heitið öikumanninum að fara leynt með nafn hans. Áður hafði vitnið í þinghaldi 27. þ. m. lýst yfir því, að það hefði fengið nefndar upplýsingar í starfa sínum sem fulltrúi lögreglustjóra.

Dóminum er ljós nauðsyn ríkrar vitnaskyldu í meðferð opinberra mála og að ákvæði um frávík hennar lúti þröngri lögskýringu.

Hins vegar væru í veði stórfelldir þjóðfélagslegir hagsmunir, gætu borgarar ekki í trúnaði veitt löggæzlu vitneskju til varnar lögbrotum eða við rannsókn þeirra, án þess að eiga á hættu að baka sjálfum sér óhagræði.

Dómurinn verður að telja síðargreinda hagsmunum svo veigamikla, að þrátt fyrir vöntun á brýnu lagaákvæði, er taki til tilviks þess, er hér er til úrskurðar, hljóti að leiða af eðli laga nr. 27 frá 1951 og þeirri meginreglu, sem fram kemur í 93. gr. þeirra, að vitnið Ólafur Jónsson, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, verði ekki skyldaður til að nafngreina heimildarmann sinn, enda ekki séð, að sú nafngjöf geti haft úrslitagildi í áðurnefndu kærumáli. Breytir engu um, enda kærumálinu óviðkomandi, þótt segja meg, að vitnið hafi þegar verulega sérgreint heimildarmann sinn.

Því úrskurðast:

Vitninu Ólafi Jónssyni er óskýlt að nafngreina áðurgreindan heimildarmann sinn.
